Messur



Guðsþjónustur

Árbæjarprestakall: Guðsþjónusta kl. 11 árdegis. Organleikari Jón Mýrdal. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Ásprestakall: Lagt upp frá Áskirkju kl. 8.30 sunnudag í árlega safnaðarferð. Messa í Skarðskirkju, Landsveit, kl. 11. Sjá nánar í dagbók. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Bústaðakirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Fermdur verður Egill Karlsson, Urðarstekk 4. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Guðrún Jónsdóttir syngur einsöng. Sr. Pálmi Matthíasson.

Dómkirkjan: Messa með altarisgöngu kl. 11. Organleikari Marteinn Hunger Friðriksson. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson.

Viðeyjarkirkja: Guðsþjónusta kl. 14. Organleikari Marteinn Hunger Friðriksson. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson. Bátsferð verður úr Sundahöfn kl. 13.30.

Elliheimilið Grund: Messa kl. 10. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.

Fella- og Hólakirkja: Guðsþjónusta með léttum söng kl. 20.30. Prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson. Þorvaldur Halldórsson og félagar sjá um tónlist og söng.

Hallgrímskirkja: Messa kl. 11. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Jóna Hrönn Bolladóttir guðfræðinemi prédikar. Hersheykórinn frá Pennsylvaniu syngur í messunni, stjórnandi James Hoffmann. Þriðjudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum. Miðvikudagur: Samvera Indlandsvina í safnaðarsal kl. 20.30.

Landspítalinn: Messa kl. 10. Sr. Bragi Skúlason

Háteigskirkja: Hámessa kl. 11. Sr. Arngrímur Jónsson. Kvöldbænir og fyrirbænir eru í kirkjunni á miðvikudögum kl. 18. Prestarnir.

Kópavogskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Guðmundur Gilsson. Ægir Fr. Sigurgeirsson.

Langholtskirkja, kirkja Guðbrands biskups: Guðsþjónusta kl. 11. Prestur sr. Sigurður Haukur Guðjónsson. Kór Langholtskirkju syngur. Organisti Jón Stefánsson. Molakaffi að lokinni athöfn. Sóknarnefnd.

Laugarneskirkja: Laugardagur 28. júlí: Messa í Hátúni 10B, 9. hæð, kl. 11. Sóknarprestur.

Neskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Organisti Reynir Jónasson. Miðvikudagur: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.

Seljakirkja: Kvöldguðsþjónusta er í kirkjunni kl. 20. Síðasta guðsþjónusta fyrir sumarleyfi starfsfólks. Marta Halldórsdóttir syngur einsöng. Altarisganga. Kaffisopi eftir guðsþjónustu. Sóknarprestur.

Seltjarnarneskirkja: Guðsþjónusta kl. 11 í umsjá Þorvaldar Halldórssonar. Sóknarnefndin.

Safnkirkjan Árbæ: Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson.

Keflavíkurkirkja: Guðsþjónusta kl. 9.30 árd. Ræðuefni: Andlegir straumar í samtímanum. Kór Keflavíkurkirkju syngur. Organisti Örn Falkner. Athugið breyttan messutíma. Sóknarprestur.


Innri-Njarðvíkurkirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Ræðuefni: Andlegir straumar í samtímanum. Kór Keflavíkurkirkju syngur. Organisti Örn Falkner. Ólafur Oddur Jónsson.

Þingvallakirkja: Guðsþjónusta á sunnudag kl. 14. Sr. Ingólfur Guðmundsson prédikar og þjónar fyrir altari. Ræðuefni: Réttlæti manna og réttlæti guðs. Organleikari Einar Sigurðsson. Sóknarprestur.

Tónleikar

Sumartónleikar

verða í Húsavíkurkirkju í kvöld kl. 20.30. Fram koma Carola Bischoff, sópran, Margrét Bóasdóttir, sópran, og prof. Heinz Markus Göttsche. Þá verða þau í Reykjahlíðarkirkju á laugardagskvöld kl. 20.30 og í Akureyrarkirkju á sunnudagskvöld kl. 20.30. Á efnisskrá tónleikanna verða orgelverk, einsöngur og dúettar, m.a. eftir Buxtehude, Purcell, Monteverdi, Distler, Kretzschmar, Mendelssohn og Bach.




Steingrímur St. Th. Sigurðsson hefur opnað málverkasýningu í Eden í Hveragerði. Í Eden sýnir hann 47 myndir, unnar með olíu-, akrýl-, pastel- eða vatnslitum. Verkin eru einkum fantasíur og sjávarmyndir. Þessi tímamótasýning Steingríms er sú sjötugasta sem hann stendur fyrir en henni lýkur 7. ágúst. Á myndinni hér að ofan gefur að líta eitt málverka listamannsins og ber það heitið Undur og stórmerki.

Hallgrímur Helgason sýnir í Vín

Hallgrímur Helgason, forstöðumaður Útvarps Manhattan, sem eru vikulegir þættir á rás 2, sýnir gamanmyndir í blómaskálanum Vín innan við Akureyri en hann hefur í sumar dvalið við listsköpun sína og þáttagerð í höfuðstað Norðurlands.

Á sýningunni eru sýndar gamanmyndir í tveimur gæðaflokkum. Annars vegar eru „topp-gamanmyndir", unnar á Manhattan vorið 1988 með nýrri grafíktækni, svokölluðu leysiprenti, og hins vegar "léttar-gamanmyndir" sem listamaðurinn framkallaði í París á síðastliðnu vori með nýrri gerð af gvasslitum.



Hallgrímur sýnir gamanmyndir í tveimur gæðaflokkum.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar:

Stephan Kaller

Á næstu þriðjudagstónleikum í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, þann 31. júlí kl. 20.30, kemur fram þýskur píanóleikari, Stephan Kaller að nafni. Hann mun flytja Waldsteinsónötuna eftir Beethoven ásamt fimm verkum eftir Chopin.


Stephan Kaller hefur um árabil starfað með Margréti Bóasdóttur sópransöngkonu og hafa þau haldið fjölda ljóðatónleika í Þýskalandi. Hann er íslenskum tónlistarunnendum ekki með öllu ókunnur því í fyrra héldu þau Margrét þrenna tónleika hér á landi, m.a. í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Auk einleikstónleikanna á þriðjudaginn mun Stephan Kaller einnig halda ljóðatónleika á Norðurlandi með Margréti Bóasdóttur.

Stephan Kaller er fæddur í Würzburg í V-Þýskalandi. Hann nam píanóleik við tónlistarháskólann í heimaborg sinni og lauk einleikaraprófi árið 1984. Hann stundaði einnig nám í ljóðatúlkun og kammertónlist.

Ásmundarsalur

Í Ásmundarsal stendur nú yfir málverkasýning á verkum Helga Valgeirssonar.

Þetta er þriðja einkasýning hans en hann útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1986. Helgi hefur einnig tekið þátt í nokkrum samsýningum. Sýningin er opin alla daga frá kl. 14–22 en henni lýkur 6. ágúst.



Helgi Valgeirsson heldur nú þriðju einkasýningu sína.



Í Listasafni Íslands hefur nú verið sett upp sumarsýning á íslenskum verkum í eigu safnsins og eru þau sýnd í öllum sölum.



Nína sýnir 83 málverk á Kjarvalsstöðum

Nína G

Í vestursal Kjarvalsstaða stendur nú yfir málverkasýning Nínu Gautadóttur. Á sýningunni eru 83 verk og eru þau öll unnin á síðustu tveim árum og uppspretta þeirra er áhugi Nínu á skrift og táknriti. Hún notar rúnir, fornegypsku og fjöl- k

Nýhöfn sý

Á laugardag verður opnuð sýning á verkum Alcopleys í listasalnum Nýhöfn í Hafnarstræti 18. Á sýningunni eru verk unnin á síðustu þremur áratugum.

Stærðir sumra verkanna eru allsérstæðar, svo sem „skýjakljúfamyndirnar" sem eru allar á hæðina og „skemmtigöngumyndirnar" sem eru á þverveginn. Einnig eru litlar m fr j þ o m s s s

Leikhús

Ferðaleikhúsið

Sýningar á Light Nights eru í Tjarnarbíói við Tjörnina í Reykjavík (Tjarnargötu 10e). Sýningarkvöld eru fjögur í viku, fimmtudags- föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld. Sýningarnar hefjast kl. 21 og lýkur kl. 23. Light Nights sýningarnar eru sérstaklega færðar upp til skemmtunar og fróðleiks enskumælandi ferðamönnum. Efnið er allt íslenskt en flutt á ensku. Meðal efnis má nefna: Þjóðsögur af huldufólki, tröllum og draugum, gamlar gamanfrásagnir og einnig er atriði úr Egilssögu sviðsett. Þetta er 21. sumarið sem Ferðaleikhúsið stendur fyrir sýningum á Light Nights í Reykjavík.

Ferðalög

Útivist um helgina

Helgarferð 27.–29. júlí

Básar í Goðalandi. Um hverja helgi. Brottför á föstudagskvöldum kl. 20. Farastjóri skipuleggur gönguferðir fyrir hópinn um Goðaland og Þórsmörk. Gist í Útivistarskálunum í Básum. Miðar og pantanir á skrifstofu, Grófinni 1.

Sunnudagur 29. júlí

Kl. 10.30: Katlatjarnir - Ölfusvatnsgljúfur. Gengin skemmtileg leið upp frá Hveragerði og að Þingvallavatni með viðkomu við Katlatjarnir og Ölfusvatnsgljúfur.

Kl. 13 Þorsteinsvík – Hellisvík. Róleg ganga meðfram Þingvallavatni sunnanverðu. Brottför í báðar ferðirnar frá Umferðamiðstöð – bensínsölu. Stansað við Árbæjarsafn.

Tilkynningar

Fornbílaklúbbur Íslands

Suðurlandsferð 27.–29. júlí

Mæting við Fossnesti á Selfossi kl. 12 í dag, 27. júlí. Brottför þaðan kl. 13. Áning við Hellu kl. 13.45 til 14.15 og sýning að Hvolsvelli kl. 13.45–15.30. Frá Hvolsvelli verður ekið til Víkur með áningu og skoðun að Skógum og við Dyrhólaey. Gisting verður í Vík og stendur til boða ódýrt svefnpokapláss. Laugardaginn 28. júlí verður ekið að Kirkjubæjarklaustri og gist þar á sama hátt. Sunnudaginn 29. júlí verður heimferð. Helgi Magnússon